

Stjórnartíðindi

2005 - B-deild - B102-104

Útgáfa 1.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prentteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 102-104

Nr. 779-788

2005

Efnisyfirlit B 102–104 2005

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
779	22. ágúst	Auglýsing um tímabundna takmörkun á innflutningi á tilteknu fersku og frosnu grænmeti sem er upprunnið í Thailandi	1685-1686
780	22. ágúst	Auglýsing um deiliskipulag í Kópavogi	1687-1689
781	15. ágúst	Reglugerð um breytingu á reglugerð um ökuskírteini, nr. 501 11. ágúst 1997	1689-1690
782	15. apríl	Reglur um störf dómnefndar, ráðningar og framgang háskólakennara við Háskólann á Akureyri	1691-1697
783	18. ágúst	Samþykkt um bifreiðastæðasjóð Akureyrar	1698-1702
784	15. ágúst	Reglugerð um breytingu á reglugerð um eftirlit og skráningu á afli aðalvéla íslenskra skipa, nr. 610/2003	1702-1703
785	17. ágúst	Auglýsing um deiliskipulag í Snæfellsbæ	1703
786	16. ágúst	Gjaldskrá fyrir Borgarfjarðarhöfn	1703-1704
787	19. ágúst	Auglýsing um umferð í Reykjavík	1705
788	18. ágúst	Hafnarreglugerð fyrir Súðavík	1705-1708

STJÓRNARTÍÐINDI B 102 – 2005

22. ágúst 2005

1685

Nr. 779

AUGLÝSING

um tímabundna takmörkun á innflutningi
á tilteknu fersku og frosnu grænmeti sem er upprunnið í Thailandi.

1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á tilteknu fersku og frosnu grænmeti sem er upprunnið í Taílandi.

2. gr.

Auglýsingunni er ætlað að tryggja að örverumenguð matvæli sem talin eru upp í 3. gr. séu ekki til dreifingar hér á landi.

3. gr.

Óheimilt er að flytja til landsins eftirtalið grænmeti, ferskt eða frosið:

Kryddjurtir sem falla undir tollflokka nr. 0709.9009, 0710.8009, 1211.9001, 1211.9002 og 1211.9009.

Baunir sem falla undir tollflokk nr. 0708.

Lauf, svo sem bananalauf og bambuslauf sem fellur undir tollflokka nr. 1401.1000 og 1401.9000.

Rætur sem falla undir tollflokka nr. 0706.9009, 1211.9001 og 1212.9009.

Asparagus sem fellur undir tollflokk nr. 0709.2000 og 0710.8009.

Þrátt fyrir ofangreint skal innflutningur heimill ef innflytjandi framvísar vottorði frá faggiltri rannsóknastofu til Umhverfisstofnunar um að varan innihaldi ekki *Salmonella* og örveruástand hennar sé að öðru leyti ásættanlegt.

4. gr.

Ef matvæli sem talin eru upp í 3. gr. eru á markaði hér á landi við gildistöku auglýsingarinnar er eftirlitsaðila heimilt að gera kröfu um að innflytjandi vörunnar leggi fram rannsóknavottorð frá faggiltri rannsóknastofu um að hún innihaldi ekki *Salmonella* og að örveruástand hennar sé að öðru leyti ásættanlegt.

Geti innflytjandi ekki lagt fram slíkt vottorð skulu matvælin tekin af markaði.

5. gr.

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga hafa, undir yfirlýsningu Umhverfisstofnunar, hver á sínum stað, eftirlit með því að farið sé að ákvæðum þessarar auglýsingar, nema annað sé ákvarðað skv. lögum eða sérreglum.

Um innflutningseftirlit fer samkvæmt III. ákvæði til bráðabirgða í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

6. gr.

Um valdsvið og þvingunarúrræði fer að öðru leyti samkvæmt 30. gr. laga um matvæli nr. 93/1995, með síðari breytingum sbr. og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

7. gr.

Um viðurlög fer samkvæmt 31. gr. laga um matvæli, nr. 93/1005 með síðari breytingum sbr. og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

8. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í 28. og 29. gr. sbr. 10. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995 sbr. og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Framangreind takmörkun verður endurskoðuð eigi síðar en að þremur mánuðum liðnum.

Auglýsingin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstofnunin, 22. ágúst 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigrún Ágústsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 103 – 2005

22. ágúst 2005

1687

Nr. 780

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Bryggjuhverfi. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs þann 22. mars 2005 samþykkt tillögu að deiliskipulagi bryggjuhverfis á utanverðu Kársnesi. Deiliskipulagssvæðið afmarkast í austur af opnu svæði undir bæjarvernd, af Vesturvör og norðurmörkum lóðanna nr. 12, 14, 16 og 20 í suður, af lóðamörkum Hafnarbrautar 30 í vestur. Til norðurs afmarkast svæðið af landfyllingu sem mun ná 100–150 m út í Fossvog miðað við núverandi fjöruborð. Í tillögunni felst heimild til að byggja 394 íbúðir í 3–4 hæða húsum auk kjallara. Á svæðinu er jafnframt gert ráð fyrir leikskóla, siglingaklúbbi og smábátahöfn. Á jarðhæð nokkurra húsanna er gert ráð fyrir atvinnustarfsemi.

Deiliskipulagstillagan er sett fram í greinargerð, á uppdrætti í mkv. 1:1000 dags. 2. mars 2005 og 25. júlí 2005. Greinargerð og skipulagsskilmálar: Bryggjuhverfi í Kópavogi útgáfa nr. 1.1 með sömu dagsetningum, fylgir í sér hefti. Skýringaruppdráttur fylgir jafnframt deiliskipulagsgögnunum.

Með tilvísan í framkomnar athugasemdir og ábendingar voru samþykktar eftirfarandi breytingar á kynntri tillögu að deiliskipulagi svæðisins:

- Byggðin var lækkuð. Öll fimm hæða húsin voru lækkuð í fjórar hæðir.
- Íbúðum var fækkað úr 460 í 392.
- Húsin við eystri aðkomu inn á svæðið voru lækkuð í landi sem nemur 2 metrum.
- Húsin úti á „tanganum“ færð til á fyrirhugaðri fyllingu þ.e. nær höfninni.

Með tilvísan til ábendinga Skipulagsstofnunar hafa eftirfarandi breytingar verið gerðar á framlögðum gögnum:

- Vegna nálægðar við Reykjavíkurlugvöll hafa verið settar inn í skilmála kvaðir um hindrunarljós á nokkrum byggingum og á byggingarkrönum.
- Inn í skilmála hafa verið settar kvaðir um að engir gluggar eða op skulu vera undir kóta 4.2 á þeim hliðum sem snúa að sjó.
- Hljóðvarnarveggur við Vesturvör skilgreindur á deiliskipulagsuppdrátt.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Sundlaug Kópavogs á Rútstúni. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, hefur bæjarráð Kópavogs þann 22. júlí 2005 samþykkt tillögu að deiliskipulagi Sundlaugar Kópavogs á Rútstúni. Deiliskipulagssvæðið afmarkast af Borgarholtsbraut í norður, Skjólbraut og lóðarmörkum Skjólbrautar 22 í austur, Kópavogsbraut í suður og af Urðarbraut í vestur. Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir að Rútstúnið verði óbreytt en að hluti eldri mannvirkja laugarinnar þ.e. barnalaug, gufubað, heitir pottar og útiklefar verði fjarlægð. Þess í stað verði sundlaugarhús stækkað til norðausturs. Í tillögunni er jafnframt gert ráð fyrir að á sundlaugarsvæðinu verði byggð eimböð, útigeymslur fyrir sundlaugarbúnað, heitir pottar, rennibrautir og annað er tengist starfsemi laugarinnar. Aætlað er að nýbyggingar verði að hámarki 2.000 m² að flatarmáli. Fyrirkomulag bílastæða er að mestu óbreytt. Tillagan er sett fram á uppdráttum í mkv. 1:1000 ásamt greinargerð og skýringarmyndum dags. 29. apríl 2005.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Valla- og Vindakór. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 samþykkti bæjarráð Kópavogs þann 21. október 2004 tillögu að breyttu deiliskipulagi við Valla- og Vindakór. Í tillögunni felst að byggð vera 7 fjölbýlishús 2ja til 5 hæða í stað fjögurra háhýsa 9–14 hæða. Fjöldi íbúða verður óbreyttur eða 180 íbúðir. Aðkoma að fyrirhuguðu miðhverfi breytist jafnframt ásamt fyrirkomulagi bílastæða og fyrirhugað byggingarmagn í atvinnuhúsnæði er aukið um 2.000 m² þ.e. úr 13.000 m² í 15.000 m². Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 ásamt greinargerð og skilmálum dags. 19. ágúst 2004, breytt 19. október 2004 og 10. febrúar 2005.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kórar (Hörðuvellir). Heilsu-, íþrótt- og fræðasetur. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs þann 24. júlí 2005 tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir heilsu-, íþrótt- og fræðasetur í Kórum (Hörðuvöllum) þ.e. Vallakór 10, 12 og 14. Deiliskipulagssvæðið afmarkast af Vatnsendavegi til norðurs, fyrirhuguðu íbúðarsvæði Þinga (Suðursvæði) til austurs, hesthúshverfinu í Heimsenda í suður og fyrirhugaðri íbúðarbyggð við Tröllakór í vestur. Í tillögunni felst að gerðir verða 3 knattspyrnuvöllir (68x105 m hver); knattúss (yfirbyggður knattspyrnuvöllur) allt að 25 m hátt og íþróttahús á 1-2 hæðum auk kjallara (keppnissalur, búningsaðstaða, skrifstofur, líkamsræktarstöð ásamt sundlaug). Þá er í tillögunni gert ráð fyrir framhaldsskóla á svæðinu, byggingu sem er áætluð á þremur hæðum auk kjallara. Í tillögunni er jafnframt gert ráð fyrir 3 hæða verslunar-, þjónustu- og heilsumiðstöð á fyrirhuguðu miðbæjarsvæði þ.e. Vallakór 10. Í austurhluta byggingarinnar er gert ráð fyrir 9 hæða byggingu fyrir gistiheimili og íbúðir. Undir byggingunni er gert ráð fyrir bílastæðakjallara. Aðkoma að svæðinu breytist ásamt fjölda og fyrirkomulagi bílastæða svo og gönguleiða. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 ásamt greinargerð og skilmálum dags. 19. mars 2005 og breytt 1. maí 2005.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Klappakór 1. Breytt deiliskipulag.

Bæjarráð Kópavogs samþykkti þann 18. ágúst 2005 tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir Klappakór 1. Í breytingunni felst heimild til að hækka hluta hússins um eina hæð og fjölga

íbúðum um tvær, þær verði 17 í stað 15. Fyrirkomulag bílastæða og niðurgrafinnar bílageymslu er jafnframt breytt. Bílastæðum er fjölgað um fjögur. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:2000 dags. 15. mars 2005.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.
Skipulagið öðlast þegar gildi.

Nánari upplýsingar eða gögn um ofangreindar deiliskipulagsáætlanir og afgreiðslu þeirra er hægt að nálgast á bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 200 Kópavogi, milli kl. 8.00 og 16.00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8.00 til 14.00.

Kópavogi, 22. ágúst 2005.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um ökuskírteini, nr. 501 11. ágúst 1997.

1. gr.

Á eftir 4. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar kemur ný málsgrein orðuð þannig:

Þar sem í ákvæðum reglugerðarinnar er fjallað um ökuréttindaflokkana C, CE, D og DE gilda ákvæðin eftir því sem við á einnig um undirflokka C₁ og C₁E og um D₁ og D₁E.

2. gr.

2. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar er felld niður.

3. gr.

Aftan við 3. mgr. 19. gr. reglugerðarinnar kemur nýr málslíður orðaður þannig:

Þó gildir að ökuskírteini til farþegaflutninga í atvinnuskyni fyrir flokk D gildi einnig um flokk D₁.

4. gr.

Aftan við 6. mgr., sem lýkur á orðunum „50% af leyfðum farmþunga“ í C-lið, III. kafla III. viðauka sem er með fyrirsögninni „*Flokkur C*“ kemur:

-Flokkur C₁,

Vörubifreið í flokki C₁ a.m.k. 5,0 m að lengd, a.m.k. 4.000 kg að leyfðri heildarþyngd og gerð fyrir a.m.k. 80 km/klst. hraða. Bifreiðin skal búin læsivörðum hemlum og ökurita samkvæmt reglugerð EBE nr. 3821/85 sem innleidd hefur verið með reglugerð nr. 136/1995. Farmrýmið skal vera lokaður kassi sem er að minnsta kosti jafnbreiður og jafnhár og stýris-húsið.

Um aðrar sérkröfur gildir hið sama og fyrir flokk B.

5. gr.

Aftan við 4. mgr., sem lýkur á orðunum „hið sama og fyrir flokk B“ í D-lið III. kafla í III. viðauka sem er með fyrirsögninni „*Flokkur D*“ kemur:

-Flokkur D₁:

Hópbifreið í flokki D₁ a.m.k. 5,0 m að lengd, a.m.k. 4.000 kg að leyfðri heildarþyngd og gerð fyrir a.m.k. 80 km/klst. hraða.

Hópbifreiðin skal búin læsivörðum hemlum og ökurita samkvæmt reglugerð EBE nr. 3821/85 sem innleidd hefur verið með reglugerð nr. 136/1995.

Um aðrar sérkröfur gildir hið sama og fyrir flokk B.

6. gr.

Aftan við 11. og síðustu mgr., sem lýkur á orðunum „50% af leyfðum farmþunga“ í E-lið, III. kafla í III. viðauka sem er með fyrirsögninni „*Flokkur E*“, kemur:

-Flokkur C₁E.

Próftökutæki í flokki C₁ með tengdan eftirvagn sem er a.m.k. 1.250 kg að leyfðri heildarþyngd, a.m.k. 8,0 m að lengd og gert fyrir a.m.k. 80 km/klst. hraða. Farmrými eftirvagnsins skal vera lokaður kassi sem er a.m.k. jafnbreiður og jafnhár og stýrishúsið. Lokaði kassinn má einnig vera lítið eitt mjórri en stýrishúsið að því tilskildu að baksýn fáið eingöngu með ytri baksýnispeglum á bifreiðinni. Heildarþyngd eftirvagnsins skal vera a.m.k. 800 kg.

-Flokkur D₁E.

Prófökutæki í flokki D₁ með tengdan eftirvagn sem er a.m.k. 1.250 kg að leyfðri heildarþyngd og gert fyrir a.m.k. 80 km/klst. hraða. Farmrými eftirvagnsins skal vera lokaður kassi sem er a.m.k. tveggja metra breiður og tveggja metra hár. Heildarþyngd eftirvagnsins skal vera a.m.k. 800 kg.

7. gr.

1. kafli IV. viðauka verður orðaður þannig:

Ökunám skal fara fram samkvæmt námskrám fyrir hvern einstakan flokk ökuréttinda, A, B, C, D, C₁/D₁, BE og C₁E/D₁E, CE/DE, M og T, svo og fyrir farþegaflutninga í atvinnuskyni fyrir flokkana B, D og D₁.

8. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt heimild í 52. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 15. ágúst 2005.

Sturla Böðvarsson.

Sigurbergur Björnsson.

REGLUR

um störf dómnefndar, ráðningar og framgang háskólakennara við Háskólann á Akureyri.

1. gr.

Reglur þessar gilda um nýráðningar *lektora/sérfræðinga, dósent*a og *prófessora* við Háskólann á Akureyri og framgang þeirra í starfi.

Reglur þessar gilda ekki um ráðningar aðjúnkta og stundakennara, en rektor ræður þá án hæfisdóms dómnefndar.

2. gr.

Gildandi lög og reglur um ráðningar, framgang og hæfismat.

Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996, lög um háskóla nr. 136/1997 og lög um Háskólann á Akureyri nr. 40/1999 gilda um starfsmenn Háskólans á Akureyri.

Varðandi kennara og ráðningu þeirra er vísað sérstaklega í 12. gr. reglna nr. 888/1999 fyrir Háskólann á Akureyri.

Varðandi dómnefnd og störf hennar er vísað í 3. gr. laga nr. 40/1999 um Háskólann á Akureyri.

Í samningum sem Háskólinn gerir við rannsóknastofnanir er heimilt að kveða á um að starfsmenn samstarfsstofnana, sem hafa kennsluskyldu við skólann en gegna rannsóknaskyldu sinni við samstarfsstofnun, eigi rétt á, eða sé skylt, að dómnefnd meti hæfi þeirra til að gegna þar lektors-, dósent- eða prófessorsstöðu.

3. gr.

Nýráðningar í akademískt starf.

Umsóknir um nýjar stöður eða framgang skulu berast rektor sem staðfestir móttöku umsókna með bréfi til umsækjenda. Eftir að umsóknarfresti um starf lýkur eru öll nöfn umsækjenda opinber.

Umsækjendur skulu láta fylgja umsókn sinni rækilega skýrslu um vísindastörf þau er þeir hafa unnið, ritsmíðar, þróunarverkefni, listaverk, hönnunarverk og rannsóknir, svo og vottorð um námsferil sinn og störf. Með umsókninni skulu send eintök af vísindalegum ritum og ritgerðum, birtum eða óbirtum, og myndir eða lýsingar af listaverkum og hönnunarverkum, sem umsækjendur óska eftir að tekin verði til mats. Þegar fleiri en einn höfundur stendur að ritverki, hönnunarverki eða listaverki skal umsækjandi gera grein fyrir framlagi sínu til verksins. Einnig er nauðsynlegt að í umsókn komi fram hvaða verkefnum umsækjendur hafi unnið að, hverju þeir eru að vinna að og hver eru áform þeirra ef til ráðningar kæmi. Enn fremur er ætlast til þess að umsækjendur láti fylgja með umsagnir um kennslu- og stjórnnunarstörf sín, eftir því sem við á. Heimilt er í auglýsingu um stöðu að takmarka

hámarksfjöldi eintaka af gögnum frá hverjum umsækjanda, til dæmis þannig að umsækjendur séu beðnir að senda inn eintök af tilteknum hámarksfjölda vísindarita sem þeir sjálfir telja mikilvægust.

4. gr.

Framgangur í akademísku starfi.

Eins og fram kemur í 3. gr. laga um Háskólann á Akureyri nr. 40/1999 og 12. gr. reglna nr. 888/1999 um Háskólann á Akureyri er heimilt, án auglýsingar, að flytja lektor úr lektorstöðu í dósentstöðu og dósent úr dósentstöðu í prófessorstöðu. Með beiðni um slíkan framgang skal fara á sama hátt og með umsóknir um nýjar stöður, þ.e. fjalla skal um þær í dómnefnd áður en til endanlegrar afgreiðslu kemur. Endanleg ákvörðun um framgang er í höndum rektors, en engum má veita framgang í prófessors- eða dósentstöðu nema meirihluti dómnefndar telji hann til þess hæfan.

Markmið framgangskerfis Háskólans er að hvetja akademíska starfsmenn til virkni og árangurs í starfi og auka þannig gæði kennslu og rannsókna innan Háskólans á Akureyri. Framgangur byggist á faglegu mati á frammistöðu og árangri í rannsóknum, kennslu og stjórnun í þágu Háskólans á Akureyri. Gert er ráð fyrir því að starfsmenn hafi sjálfir frumkvæði að framgangi sínum í starfi.

4.1 Umsóknir um framgang í starfi.

Umsækjandi um framgang í starfi leggur fram umsókn ásamt greinargerð hjá deildarforseta viðkomandi deildar. Í greinargerð skal rökstutt hvernig rannsóknavirkni, kennslustörf, stjórnunarstörf og önnur sambærileg störf í þágu Háskólans nægi til þess að leggja umsóknina fyrir dómnefnd Háskólans. Deildarforseti áframsendir umsókn til rektors til formlegrar meðferðar.

Þegar álit dómnefndar liggur fyrir metur rektor hvort veita beri umbeðinn framgang m.a. á grundvelli fyrirbyggjandi dómnefndarálits. Ef það er niðurstaða rektors að ekki sé rétt að veita umbeðinn framgang ber honum að rökstyðja þá niðurstöðu sína.

Háskólaráð getur sett reglur um að umsækjendur hafi lokið lágmarksárafjölda í starfi við Háskólann á Akureyri áður en þeir sækja um framgang í stöðu dósent eða prófessors. Slíkar reglur kæmu þá til viðbótar þeim ákvæðum um lágmarksstig sem fram koma í næstu grein.

4.2 Lágmarksstig fyrir hvern starfshátt við nýráðningar og framgangsmat.

Miðað er við hefðbundna skiptingu starfshátta milli rannsókna, kennslu og stjórnunar. Stigin í töflu 1 byggja á stigamatskerfi kjaranefndar og því kerfi sem beitt er samkvæmt stofnanasamningi Háskólans á Akureyri og Félags háskólakennara á Akureyri.

Dómnefnd getur við sérstakar aðstæður gert meiri eða minni kröfur ef hún telur ástæðu til. Hér er átt við aðstæður t.d. samkvæmt ákvæði um ríka áherslu Háskólans á góð tengsl við atvinnulífið í grein 5.3. Jafnframt er heimilt að víkja frá reglum um lágmarksrannsóknastig í tilvikum þar sem viðkomandi hefur gegnt starfi deildarforseta enda hafi miklar stjórnunarkröfur, þar með taldar kröfur um samhæfingu rannsókna í eigin deild, rýrt möguleika hans til að stunda sjálfstæðar rannsóknir. Víki mat dómnefndar verulega frá lágmarksstigum fyrir hvern starfshátt kennara eða sérfræðinga, sem fram koma í reglum þessum, þarf hún að rökstyðja það enda um frávík frá meginreglu að ræða.

Dómnefnd ber að gera meiri kröfur til umsókna um framgang í starf prófessors en umsókna í önnur störf. Umsækjendur um framgang í prófessorsstarf skulu vera virkir í rannsóknum og hafa sýnt verulega hæfni og frumkvæði í vísindastörfum, sbr. grein 5.3.

Tafla 1.
Lágmarksstig fyrir hvern starfsþátt kennara.

	<i>Rannsóknir</i>	<i>Kennsla</i>	<i>Stjórnun, þjónusta, annað</i>	<i>Mismunur</i>	<i>Alls</i>
Lektor/sérfræðingur	30	-	-	0	30
Dósent	130	20	-	50	200
Prófessor	270	50	-	80	400

5. gr.

Hlutverk dómnefndar við Háskólann á Akureyri.

Við Háskólann á Akureyri starfar þriggja manna dómnefnd, sem rektor skipar skv. 3. gr. laga nr. 40/1999 til tveggja ára í senn, til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna stöðu prófessors, dósentis eða lektors/sérfræðings. Rektor skal í samráði við deildarforseta tilnefna ytri ráðgjafa, hverju sinni, er skal vera dómnefnd til ráðgjafar þegar fræðistörf umsækjenda eru metin. Við sérstakar aðstæður er heimilt að skipa fleiri en einn ytri ráðgjafa.

Dómnefnd fjallar bæði um nýráðningar og stöðuhækkanir. Þær reglur og leiðbeiningar sem fram eru settar í þessum kafla eiga því yfirleitt jafnt við hvort tveggja nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Dómnefnd skal meta hvern umsækjanda á þann veg að ótvírætt komi fram hvort hún dæmir hann hæfan eða ekki hæfan til að gegna því starfi sem um ræðir. Hún metur hvort menntun og aðrar forsendur umsækjanda falli með eðlilegum hætti innan þess sviðs sem auglýsing kveður á um. Í álit dómnefndar skal koma fram rökstuðningur fyrir dómi hennar um hæfi umsækjanda og auk þess þær upplýsingar sem dómnefnd telur leiðbeinandi fyrir rektor við endanlega ákvörðun um ráðningu eða framgang. Ef ágreiningur er í dómnefnd skulu greidd atkvæði sérstaklega um hvern umsækjanda og ber hverjum dómnefndarmanni þá að taka afstöðu. Minnihluta gefst kostur á að gera grein fyrir máli sínu með séráliti. Teljist umsækjandi ekki hæfur ber dómnefnd að gera rækilega grein fyrir þeirri niðurstöðu, en að öðru leyti þarf umfjöllun ekki að vera eins ítarleg og um þá sem teljast hæfir.

Telji dómnefnd líkur á að umsækjandi uppfylli kröfur um að gegna æðri stöðu en ráðið skal í hverju sinni skal hún geta þess í dómnefndarálitinu, en ekki þarf að rökstyðja það með sama hætti og álitid um stöðuna sem til stendur að ráða í. Dómnefnd skal ekki raða hæfum umsækjendum m.t.t. þess starfs sem um ræðir nema rektor hafi sérstaklega farið fram á slíkt.

Í upphafi dómnefndarálits skal dómnefnd gera grein fyrir þeim forsendum, gögnum og heimildum sem hún byggir á í mati sínu á umsækjendum og vinnubrögðum sínum við mat á umsækjendum. Í dómnefndaráliti skal vera ritaskrá/verkaskrá umsækjenda sem þeir hafa látið fylgja umsókn sinni og greinargerð um námsferil þeirra og fyrri störf.

Dómnefnd er heimilt að óska eftir því við umsækjendur að þeir láti í té viðbótargögn. Í þessu efni skal nefndin láta umsækjendur njóta jafnræðis.

Dómnefnd skal hraða störfum sínum eftir föngum og skal hún að jafnaði hafa lokið störfum innan tveggja mánaða frá því að ytri ráðgjafi er tilnefndur.

Að loknu starfi dómnefndar skal hún skila umsóknargögnum til rektors, sem skilar þeim til umsækjenda.

6. gr.

Mat á hæfi umsækjenda

Hér á eftir fara lýsingar á viðmiðum sem dómnefnd ber að hafa í huga þegar hæfi umsækjanda er metið. Þessi viðmið eiga yfirleitt jafnt við nýráðningar og stöðuhækkanir. Á

fáeinum stöðum er þó gerður greinarmunur á þessu tvennu, einkum hvað varðar mat á kennslu.

6.1 Forsendur.

Í 1. gr. laga nr. 40/1999 um Háskólann á Akureyri er skólanum markaður starfsvettvangur sem vísindaleg mennta- og rannsóknastofnun. Háskólanum ber að sinna bæði kennslu og rannsóknum, starfsmenntun og rannsóknartengdu framhaldsnámi. Þetta meginmarkmið Háskólans á Akureyri ber dómnefnd að hafa í huga við mat á hæfi háskólakennara.

Þá ber dómnefnd að hafa í huga að störf kennara við Háskólann á Akureyri eru fólgin í *rannsóknum, kennslu og stjórnun*. Hér á eftir verður fjallað um hvern þessara starfsþátta fyrir sig. Jákvæður hæfisdómur á afmörkuðum sviðum matsins upphefur ekki vanhæfisdóm á öðrum sviðum.

Dómnefnd hefur aðgang að og getur haft stuðning af stigamati því sem notað er við launaröðun einstakra kennara og annarra akademískra starfsmanna við Háskólann á Akureyri.

6.2 Menntun.

Eins og fram kemur í 7. gr. laga um háskóla nr. 136/1997 skulu kennarar í háskóla hafa lokið meistaraþrófi hið minnsta eða hafa jafngilda þekkingu og reynslu að mati dómnefndar.

Umsækjandi um dósentstöðu skal að jafnaði hafa lokið doktorsþrófi eða hliðstæðu háskólanámi sem felst að verulegu leyti í þjálfun til sjálfstæðra rannsóknarstarfa. Dómnefnd getur þó lagt annars konar nám að jöfnu, t.d. í listgreinum.

Umsækjandi um prófessorsstöðu skal að jafnaði hafa lokið doktorsþrófi eða hliðstæðu háskólaþrófi sem felur í sér fyllstu kröfur um sjálfstæða rannsóknarvinnu. Sjálfstæð rannsóknarstörf má meta sambærileg við doktorsþróf enda hafi umsækjandi lokið veigamiklu rannsóknarverkefni eða fleiri samstæðum verkum sem sýna traust tök á aðferðum hlutaðeigandi greinar og staðgóða þekkingu á henni. Gera skal kröfu um að niðurstöður slíkra rannsókna hafi verið birtar á opinberum vettvangi af viðurkenndum útgefendum.

6.3 Rannsóknir.

Við mat á rannsóknum og þróunarverkefnum skal leggja áherslu á vísindagildi þeirra. Gefa skal gaum að frumleika þeirra og sjálfstæði gagnvart öðrum rannsóknum og ritverkum, meðferð heimilda og vinnubrögðum, nýjungum og notagildi. Einnig er heimilt að taka tillit til starfa að rannsóknum sem standa yfir þó að niðurstöður liggi ekki fyrir, enda lýsi umsækjandi öðli þeirra og umfangi og geri grein fyrir stöðu þeirra.

Við mat á rannsóknum og þróunarverkefnum er eðlilegt að tillit sé tekið til lokaverkefna í háskólanámi (kandíðats- eða meistaraþrófsritgerða og doktorsritgerða). Þá skal meta útgefin hugverk, fræðileg rit, prentuð eða fjölrítuð, rit um þróunarverkefni, útgefið námsefni, greinar í fræðilegum tímaritum og bókum (safnritum), innlendum og erlendum, þar sem efni er metið af sérfræðingum, svo og greinar í öðrum tímaritum og bókum, fræðilegar útgáfur og ritdóma. Þá skal meta greiningartæki, próf og önnur gögn sem samin eru með hagnýta notkun fagstétta á vettvangi í huga. Þá skal og meta þýðingar úr erlendum málum, verk á mynd- og hljóðböndum, svo og frumsamin eða aðlöguð tölvuforrit. Heimilt er að taka tillit til óbirtra verka, t.d. fræðilegra fyrirlestra sem hafa ekki verið birtir.

Við mat á listsköpun skal leggja áherslu á að framlögð verk uppfylli kröfur um listrænan metnað, frumleik og vinnubrögð er sýni vald og kunnáttu höfundar á þessu sviði.

Við mat á hönnunarverkefnum skal leggja áherslu á gildi verkanna, frumleika og sjálfstæði gagnvart öðrum verkum, meðferð heimilda og vinnubrögð, nýjungar og notagildi.

Á listasviði skal meta verk eins og opinberan flutning og sýningar/sýningastjórn, framlagða muni eða lýsingar á þeim. Skal þá eftir atvikum huga að rannsóknum að baki verka og vinnubrögðum, svo og frumleik höfundar og sjálfstæði.

Á sviðum þar sem reynir á flókna hreyfifærni eða skapandi tjáningu, eins og í leikrænni tjáningu, hljóðfæraleik, dansi og íþróttum, skal auk annars meta hagnýta reynslu, iðkun og leikni.

Í mati sínu á framlagi umsækjenda til rannsókna er eðlilegt að dómnefnd taki mið af hversu vel það tengist markmiðum Háskólans (sbr. 1. gr. laga um Háskólann á Akureyri nr. 40/1999). Við mat á rannsóknum er heimilt að taka tillit til stjórnunarstarfa sem falla undir sérsvið umsækjanda, t.d. stjórn og skipulagningu langtímarannsóknarverkefna, undirbúning og stjórn fræðilegra ráðstefna, ritstjórn fagtímarita og þjálfunarstörf.

Háskólinn á Akureyri leggur ríka áherslu á góð tengsl við atvinnulífið og nánasta umhverfi sitt. Dómnefnd er því heimilt að taka tillit til kennslu- og stjórnunarreynslu sem umsækjandi hefur aflað sér og annarra starfa utan veggja háskólastofnana, að svo miklu leyti sem slíkt nýtist í því starfi sem sótt er um. Sérstaklega skal hér meta umsækjanda til tekna, sem ígildi rannsókna, frumkvæði og nýsköpun í fyrri störfum.

Hafi umsækjandi unnið með öðrum að rannsóknarverkum, listsköpun, hönnunar- og þróunarverkum eða námsefnisgerð og ekki kemur skýrt fram í ritverki eða umsókn hver hlutur hans hefur verið skal jafnan afla traustra upplýsinga um þetta og meta hlut hans eftir því. Dósentar og prófessorar skulu sýna ótvírætt fram á hæfni sína til sjálfstæðra starfa að nýsköpun þekkingar. Meta skal mikils ef þeir hafa náð árangri við að afla fjármuna frá innlendum eða erlendum aðilum til rannsóknar- eða þróunarverkefna. Umsækjendur um prófessorsstöður þurfa að vera vel virkir á sínu sérsviði og hafa sýnt verulega hæfni og frumkvæði í vísindastörfum eða á sviði listrænnar sköpunar.

Auk hinna almennu ákvæða um lágmarkskröfur og mat starfsþátta, sem þegar hafa verið tíunduð, skal dómnefnd taka mið af þeim kröfum sem gerðar eru til umsækjenda um samþæringu störf í viðurkenndum erlendum og innlendum vísindastofnunum.

6.4 Kennsla

Við mat á kennslu skal leggja áherslu á hæfni umsækjanda til kennslu á viðkomandi sérsviði þannig að hún nýtist nemendum sem best.

Nýráðning. Umsækjandi skal láta fylgja umsókn sinni rökstudda greinargerð þar sem fram kemur á hvaða þætti viðkomandi sviðs hann vill leggja áherslu, hver megintilgangur hans er, hvernig vinnubrögðum hann hyggst beita og hvernig hann hyggst meta árangur sinn og nemenda. Hafi umsækjandi kennslureynslu á háskólastigi og/eða öðrum skólastigum, skal hann einnig láta fylgja greinargerð þar um, ásamt öðrum þeim gögnum sem snerta kennslureynslu hans. Skal þá leggja mat á sömu þætti og þegar um framgang er að ræða.

Framgangur. Meta skal kennsluferil umsækjanda og hversu mikla alúð hann hefur lagt við kennslustörf sín, svo sem með samningu kennslugagna og leiðbeininga, fjölbreytni og nýjungum í kennsluaðferðum, frumkvæði að uppbyggingu og endurbótum á kennslu og viðleitni til að vekja nemendur til sjálfstæðra og fræðilegra vinnubragða eða til samvinnuverkefna, þar sem það á við. Þá skal meta umsjón með og frumkvæði að skipulagningu námsgreina og námskeiða svo og að kynningu á þróun og nýjungum á kennslusviði viðkomandi starfsmanns. Jafnframt skal leggja mat á samstarf við erlendar stofnanir og sérfræðinga, svo og tengsl við innlendar stofnanir. Einnig skal metin umsjón með lokaverkefnum nemenda, persónuleg leiðsögn og liðsinni.

Við mat á kennsluþættinum má leggja til grundvallar umsögn deildar, brautar, skorar eða nemenda, svo og faglegt mat á kennslu ef því verður við komið.

Dómnefnd er heimilt að nýta gögn sem aflað hefur verið í tengslum við kennslumat á vegum Háskólans á Akureyri.

6.5 Stjórnun.

Við mat á stjórnun skal leggja áherslu á frumkvæði og forystuhæfni umsækjanda, hæfni til sjálfstæðrar skipulagningar og áætlunargerðar sem og til að vinna að stjórnsýsluverkefnum með öðrum.

Af starfsþáttunum þremur – kennslu, rannsóknun og stjórnun – vegur þessi síðasttaldi yfirleitt minnst. Þess er líka að gæta að stjórnun verður ekki alltaf glögg afmörkuð frá rannsóknun og kennslu. Stundum getur því verið eðlilegt að meta þennan starfsþátt sem hluta af hinum tveimur en varast ber þá jafnan að tvítelja hann.

Um mat á stjórnun gildir hið sama og um kennslu að það fer mjög eftir starfsreynslu umsækjanda hvað unnt er að meta og hvernig standa ber að mati. Að þessu leyti getur staða umsækjanda sem nýlega hefur lokið prófi frá háskóla verið harla ólík stöðu þess sem hefur reynslu af því að starfa við háskóla eða á öðrum faglegum starfsvettvangi. Því er eðlilegt að líta svo á, þegar um ráðningu í nýja stöðu er að ræða, að stjórnunarreynsla teljist umsækjanda alla jafnan til tekna en sé ekki skilyrði fyrir því að hann geti hlotið stöðuna.

Þáttum sem metnir verða má skipta í tvennt:

a) *Reynsla af stjórnun og skipulagningu.* Um er að ræða atriði er umsækjandi getur vottað með gögnum sem hægt er að meta: (1) Skipulagning á sjálfstæðum eða samþættum námskeiðum. (2) Stjórnunargögn sem umsækjandi hefur samið sjálfur eða átt hlut að því að semja (umsagnir, álitsgerðir, tillögur, drög að reglum eða reglugerðum o.s.frv.). (3) Þátttaka í nefndum sem umsækjandi hefur verið kjörinn eða skipaður í. (4) Þátttaka í stjórnun og ráðum með ákvörðunarvald, bæði innlendum og fjölþjóðlegum. (5) Þátttaka í vísinda- og fræðafélögum. (6) Önnur almenn reynsla af stjórnunarstörfum.

b) *Persónueiginleikar sem skipta máli fyrir stjórnunar- og samskiptahæfni.* Gögn af því tagi sem að framan greinir segja sína sögu um stjórnunarhæfni umsækjanda; þau eru í senn vitnisburður um dugnað hans og metnað á þessu sviði og það álit sem hann hefur áunnið sér. Ætla má að álit annarra ráðist hér mjög af ákveðnum þáttum í fari umsækjanda, s.s. ábyrgðarkennd, forystuhæfni, lipurð í samskiptum, skipulagshæfni og glöggskyggni. Umsagnir yfirmanna og samstarfsmanna umsækjanda geta því komið að góðu haldi við matið.

Mikilsvert er að matsaðilar fái í hendur sem gleggstar upplýsingar um hvað umsækjandi hefur til brunns að bera á sviði stjórnunar. Að þessu þarf að kveða í sjálfum stöðuauglýsingunum. Þá er æskilegt að umsækjandi, sem hefur starfsreynslu að baki, vísi á umsagnaraðila (t.d. yfirmann í stofnun, deild, braut eða skor) eða sjái til þess að hann sendi inn umsögn beint til rektors. Eins er æskilegt að umsækjandi, sem hefur nýlega lokið námi, leiti eftir hinu sama hjá kennara sem þekkir vel til hans úr framhaldsnámi.

6.6 Önnur störf.

Tilgangur þess að meta önnur störf umsækjanda en rannsóknir, kennslu og stjórnun á viðkomandi fræðasviði er sá að varpa ljósi á starfshæfni hans frá sem flestum hliðum. Hér er um að ræða mat á störfum sem falla utan þess sérsviðs sem auglýsing tekur til en þarfnast sambærilegrar hæfni svo sem sjálfstæð ritun, ritdómar, erindi eða þættir í útvarpi, sjón-

varpi, önnur störf við fjölmiðla, ritstjórn bóka, tímarita, almannatengsl eða virk tengsl í samstarfi við marga aðila innanlands eða erlendis, ráðstefnuhald, stjórnun félaga, stjórnun námskeiða, dómnefndarstörf, þróunarstörf, ráðgjöf við stofnanir eða fyrirtæki, sjálfstætt starf sem sérfræðingur á öðru fræðasviði o.s.frv.

Önnur störf en þau sem unnin eru beinlínis á auglýstu sviði ráða ekki úrslitum um hæfismat. Mat á þeim getur heldur ekki dregið niður mat á nýsköpun, kennslu eða stjórnun á auglýstu sérsviði. Mat þetta gefur fyrst og fremst viðbótarupplýsingar um starfshæfni umsækjanda.

7. gr.

Um meðferð dómnefndarálits og afgreiðslu máls.

Dómnefndarálit, ásamt umsóknargögnum og umsögnum sem dómnefnd hefur aflað, á að berast rektor, dagsett og undirritað af öllum dómnefndarmönnum. Telji rektor álititið gallað að einhverju leyti eða störfum dómnefndar ábótavant er honum heimilt að senda dómnefndarálititið aftur til dómnefndar. Dómnefndarálit telst gallað ef það samrýmist ekki lögum og reglum, umfjöllun um umsækjendur og rökstuðningur eru rýr, mikilvægar upplýsingar vantar eða um aðrar greinilegar misfellur er að ræða. Dómnefnd er skylt að svara athugasemdum rektors.

Rektor skal senda hverjum umsækjanda dómnefndarálititið í heild, nema hann telji að takmarka verði aðgang aðila að gögnum sbr. 17. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Rektor gefur umsækjendum kost á að gera skriflegar athugasemdir við álititið áður en ákvörðun um ráðningu er tekin. Berist athugasemdir frá umsækjendum skulu þær bornar undir dómnefnd. Dómnefnd er skylt að svara slíkum athugasemdum.

Fara skal með umsóknargögn, dómnefndarálit og önnur skjöl tengd dómnefndarstarfinu sem trúnaðarskjöl.

Rektor getur veitt rannsókn- og alþjóðasviði umboð til að sjá um formleg samskipti við umsækjendur og dómnefnd.

8. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar á grundvelli 2. og 3. gr. laga um Háskólann á Akureyri nr. 40/1999. Reglur þessar öðlast þegar gildi og úr gildi falla eldri reglur um sama efni.

Háskólanum á Akureyri, 15. apríl 2005.

Þorsteinn Gunnarsson rektor.

Sigrún Sveinbjörnsdóttir
varaforseti háskólaráðs.

SAMÞYKKT

um bifreiðastæðasjóð Akureyrar.

I. KAFLI

Stofnun og hlutverk sjóðsins.

1. gr.

Bifreiðastæðasjóður Akureyrar er eign Akureyrarbæjar. Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar fer með stjórn sjóðsins.

Verkefni Bifreiðastæðasjóðs Akureyrar er að eiga bifreiðastæði fyrir almenning í miðbænum og víðar. Kostnaður vegna bifreiðastæða, sem skylt er að greiða úr bifreiðastæðasjóði skv. „Samþykkt um þátttöku lóðarhafa í greiðslu kostnaðar við gerð bifreiðastæða á Akureyri“ frá 27. júní 1991, skal bókfærast hjá sjóðnum og önnur bifreiðastæði skv. nánari ákvörðun bæjarráðs. Kostnaður við byggingu og rekstur bifreiðastæðahúsa og annarra bílskýla fyrir almenning á vegum bæjarins skal einnig bókfærður hjá sjóðnum, svo og ef svæði er leigt af einkaaðilum undir bifreiðastæði.

Til bifreiðastæðasjóðs skulu renna tekjur af stöðumælum og leigu stöðureita, aukastöðugjald og önnur gjöld vegna stöðubrota. Til sjóðsins renna ennfremur tekjur af leigu bifreiðastæða jafnt úti sem í sérstökum bifreiðastæðahúsum, sem leigð eru til lengri eða skemmri tíma. Þá fær sjóðurinn tekjur af greiddum bifreiðastæðagjöldum, þegar húsbyggjendur greiða bifreiðastæðagjöld skv. sérstakri samþykkt þar um. Ennfremur getur verið um að ræða framlög úr bæjarsjóði eða lántökur með ábyrgð bæjarsjóðs eða tryggðar með veði í mannvirkjum, sem bókfærð eru hjá bifreiðastæðasjóði.

Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs er yfirmaður bifreiðastæðasjóðs og sér um daglegan rekstur hans.

II. KAFLI

Um bifreiðastæði.

2. gr.

Bifreiðastæði er svæði með reitum til að leggja bifreiðum. Á bifreiðastæði er óheimilt að leggja bifreiðum annars staðar en á merktum reitum.

3. gr.

Bifreiðastæði í þessum samþykktum geta verið:

- a. bifreiðastæði, sem eru gjaldfrjáls í takmarkaðan tíma (klukkustæði)
- b. gjaldskyld bifreiðastæði til skammtímastöðu (stöðumælastæði)
- c. gjaldskyld bifreiðastæði til langtímastöðu (fastleigustæði)
- d. sérstök bifreiðastæði fyrir stórar bifreiðar að nóttu til (rútustæði)
- e. bifreiðastæðahús og bílskýli

Umhverfisráð gerir tillögur um gerð og staðsetningu bifreiðastæða.

4. gr.

Bifreiðastæði eru merkt með 50-100 mm breiðum línunum, heilum eða brotnum. Þegar ökutæki er lagt á merkt stæði skal það allt vera innan línanna.

Bifreiðastæði ætluð sérstökum aðilum eru merkt á sama hátt en með hornalínunum að auki.

III. KAFLI **Klukkustæði.**

5. gr.

Klukkustæði eru bifreiðastæði þar sem heimilt er að leggja bifreiðum án gjalds í tiltekinn tíma, eftir atvikum í 15 mín. – 2 klst., skv. því sem tilgreint er á skiltum við bifreiðastæðin. Ekkert ökutæki má standa á klukkustæði lengur en þann hámarkstíma, sem letraður er á viðkomandi skilti.

6. gr.

Umhverfisráð gerir tillögu um hvað ökutæki megir standa lengi samfelld á klukkustæðum. Lögreglustjóri getur breytt þessu ákvæði þegar sérstaklega stendur á.

7. gr.

Ökumannni bifreiðar, sem lagt hefur verið á bifreiðastæði skv. 3. gr. og 6. gr., er skylt að hafa bifreiðastæðaklukkuna á framrúðu eða á mælaborði við framrúðu bifreiðarinnar, þannig að hún sé vel sýnileg utan frá.

8. gr.

Bifreiðastæðaklukkuna er spjald úr pappa og/eða plasti, sem sérstaklega er gert til að sýna tímasetningar. Óheimilt er að nota aðrar bifreiðastæðaklukkur á klukkustæðum Akureyrarbæjar en þær sem viðurkenndar eru af Bifreiðastæðasjóði Akureyrarbæjar.

9. gr.

Ökumannni bifreiðar, sem lagt hefur verið á bifreiðastæðum skv. 6. gr., er skylt að sýna, með vísi á bifreiðastæðaklukkuna, hvenær bifreiðinni var lagt á bifreiðastæðið. Óheimilt er að breyta stillingu vísisins áður en bifreiðin yfirgefur bílastæðið.

10. gr.

Bifreiðastæðaklukkur skulu vera til afhendingar í þjónustuanddyri bæjarins og/eða annars staðar eftir því sem henta þykir. Heimilt er að innheimta gjald fyrir bifreiðastæðaklukkur.

IV. KAFLI **Stöðumælastæði.**

11. gr.

Stöðumælastæði eru bifreiðastæði þar sem stöðumælar mæla þann tíma sem bifreið er lagt á bifreiðastæði.

12. gr.

Stöðumælir er sérstakur búnaður til að mæla þann tíma sem bifreið er lagt í bifreiðastæði.

13. gr.

Stöðumælar geta verið ýmist einn fyrir hvert stæði eða einn fyrir tiltekinn fjölda stæða. Skylt er að greiða fyrir afnot af stöðumælastæði fyrir hvers konar vélknúin ökutæki, eftirvagna, tengitæki o.þ.h.

14. gr.

Bæjarráð ákveður gjald fyrir stöðu ökutækis á stöðumælastæðum og hvað ökutæki má standa þar lengi samfelld og á hvaða tíma gjaldskylda er. Lögreglustjóri getur breytt ákvæðum um gjaldskyldu þegar sérstaklega stendur á.

15. gr.

Ef stöðumælir er þannig gerður að úr honum kemur miði, með áletrun um þann tíma, er greitt var í mælinn eða þau tímamörk, sem greitt hefur verið til, skal ökumaður setja miðann á mælaborð við framrúðu bifreiðarinnar, þannig að áletrun á miðanum sé vel sýnileg utan frá.

16. gr.

Hver, sem leggur ökutæki þannig, að eigi er unnt að nota stöðumælastæði fyrir annað ökutæki, skal greiða í stöðumælinn eins og ökutækið stæði á stöðumælastæðinu sjálfu.

17. gr.

Á stöðumæli skal vera greinilega letrað, hve hátt stöðumælagjaldið er, til hve langs tíma staða er keypt, á hvaða tímum sé skylt að greiða í mælinn og hvernig mælirinn sé settur í gang.

Ekkert ökutæki má standa á stöðumælastæði lengur en þann hámarkstíma, sem letraður er á viðkomandi stöðumæli.

Bannað er að setja nokkurn annan hlut í stöðumæli en þá mynt, sem mælirinn er gerður fyrir.

V. KAFLI

Fastleigustæði.

18. gr.

Fastleigustæði eru gjaldskyld bifreiðastæði, þar sem bifreiðum er lagt ótímabundið.

19. gr.

Fyrir fastleigustæði er greitt leigugjald sem bæjarráð ákveður. Leigugjaldið er ákvarðað fyrir hvern mánuð. Heimilt er að veita afslátt af leigugjaldinu ef samfelldur leigutími er 12 mánuðir eða lengri.

20. gr.

Gegn greiðslu leigugjalds fyrir fastleigustæði skal afhenda leigutaka sérstakt kort sem setja skal á mælaborð við framrúðu bifreiðarinnar, þannig að það sé vel sýnilegt utan frá, þegar bifreiðinni er lagt á stæðið.

VI. KAFLI

Rútustæði.

21. gr.

Rútustæði nefnast sérstök bifreiðastæði fyrir ökutæki, sem bannað er skv. lögreglusamþykkt að leggja á götum eða almennum bifreiðastæðum bæjarins, á tímabilinu milli frá kl. 22.00 til kl. 7.00, ýmist í landi bæjarsjóðs eða á landspildum, sem sérstaklega eru teknar á leigu í þeim tilgangi.

22. gr.

Bifreiðastæðasjóði er heimilt að taka leigugjald fyrir rútustæði, ýmist tímaleigugjald eða fast gjald. Notendur skulu þá festa límmiða með áritaðri notkunarheimild á rúðu viðkomandi ökutækis.

Séu bifreiðastæðin notuð í heimildarleysi skal greiða aukastöðugjald, sbr. VIII. kafla.

VII. KAFLI Bifreiðastæðahús og bílskýli.

23. gr.

Bæjarráð getur falið Bifreiðastæðasjóði Akureyrar að byggja og reka bifreiðastæðahús og bílskýli.

Heimilt er að selja hlutdeildarbréf í bifreiðastæðahúsum og bílskylum, sem byggð eru af Akureyrarbæ fyrir reikning bifreiðastæðasjóðs. Slíkt hlutdeildarbréf veitir rétt á bifreiðastæði í bifreiðastæðahúsinu skv. nánari skilmálum og er sá réttur framseljanlegur. Réttthafi bifreiðastæðis í bifreiðastæðahúsi á vegum bifreiðastæðasjóðs greiðir rekstrarkostnað vegna þess.

24. gr.

Notendur bifreiðastæðahúsa og bílskýla í eigu bifreiðastæðasjóðs skulu greiða leigu fyrir notkun þeirra skv. gjaldskrá, sem bæjarráð ákveður, jafnframt ákveður bæjarráð hvenær þau eru opin.

25. gr.

Heimilt er að semja við eigendur einkabifreiðastæðahúsa og einkabílskýla um að rekstur þeirra verði á vegum bifreiðastæðasjóðs hluta sólarhringsins.

VIII. KAFLI

Eftirlit með stöðubrotum, aukastöðugjald og stöðubrotagjald.

26. gr.

Stöðubrot skv. samþykktum þessum eru brot gegn 108. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

27. gr.

Sérstakir stöðuverðir Akureyrarbæjar og lögregluþjónar sjá um eftirlit með stöðum bifreiða, bæði á bifreiðastæðum og annarsstaðar. Þeir skulu líta eftir því að bifreiðum sé ekki lagt lengur en heimilt er á bifreiðastæði, sbr. 2. og 8. gr. og að notendur þeirra hafi greitt tilskilin gjöld þar sem það á við. Jafnframt skulu þeir líta eftir því að ökutækjum, eftirvögnum, tengitækjum o.þ.l., sé ekki lagt ólöglega sbr. 108. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

28. gr.

Pegar stöðuvörður/lögregluþjónn verður þess var, að ökutæki stendur ólöglega, sbr. 108. gr. laga nr. 50/1987, skal hann afhenda ökumanni þess eða festa við ökutækið tilkynningu um brotið. Á tilkynningunni skal taka fram hvar og hvenær brot átti sér stað, hvert brot er, auðkenni ökutækis, svo sem skráningarnúmer og tegund (gerð) og greint frá því að ökumanni sé boðið að ljúka málinu með greiðslu stöðubrotsgjalds í Bifreiðastæðasjóð Akureyrar, hvar og hvernig greiðslu megi inna af hendi svo og fjárhæð gjaldsins og hvernig með verði farið ef greiðsla dregst. Tilkynning skal undirrituð af stöðuverði (nafn og númer). Á sama hátt skal stöðuvörður/lögregluþjónn tilkynna um aukastöðugjald og stöðubrotagjald.

29. gr.

Bæjarstjórn ákveður fjárhæð aukastöðugjalds og stöðubrotsgjalds.

Gjöld þessi skal greiða innan 14 daga frá útgáfudegi (álagningu). Tilkynning um gjald er á giróseðli. Sé gjald skv. 1. mgr. ekki greitt innan 14 daga frá útgáfudegi hækkar það um 50%. Verði gjald skv. 1. mgr. ekki greitt innan 14 daga er heimilt að beita ákvæðum 109. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 við innheimtu þess.

IX. KAFLI

Rekstur bifreiðastæða og gjaldtaka fyrir notkun þeirra.

30. gr.

Framkvæmdadeild Akureyrarbæjar annast gerð og rekstur almennra bifreiðastæða, ýmist í landi bæjarsjóðs eða á landspildum, sem sérstaklega eru teknar á leigu í þeim tilgangi.

31. gr.

Heimilt er að semja við eigendur einkabifreiðastæða um tímabundin afnot þeirra og útleigu til almennings.

32. gr.

Heimilt er bæjarráði að fengnu leyfi dómsmálaráðherra að framselja vald sitt skv. IV. kafla til fyrirtækis er tekur að sér eftirlit með stöðubrotum.

X. KAFLI

Gildistaka o.fl.

33. gr.

Samþykkt þessi tekur gildi þegar í stað.

Samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar, 16. ágúst 2005.

Akureyri, 18. ágúst 2005.

F. h. bæjarstjórnar,

Inga Þöll Þorgnýsdóttir bæjarlögmaður.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð um eftirlit og skráningu
á afli aðalvéla íslenskra skipa, nr. 610/2003.**

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein, sem verður 2. mgr.

Tilgangur reglugerðarinnar er að afl aðalvéla sé skráð með öruggum og samhæfðum hætti.

2. gr.

3. mgr. 4. gr. orðist svo:

Fyrir nýjar vélar í skipum sem teknar eru í notkun eftir gildistöku reglugerðar nr. 610/2003 skal aflið mælt skv. ISO-staðli 3046 eða öðrum viðeigandi alþjóða- og landsstöðlum.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 3. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 47/2003, 13. gr. laga um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, með

síðari breytingum, og 4. gr. laga um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytinu, 15. ágúst 2005.

Sturla Böðvarsson.

Sigurbergur Björnsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Snæfellsbæ.

Brekkan í Ólafsvík.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 8. júní 2005 deiliskipulag fyrir Brekkuna í Ólafsvík, Snæfellsbæ. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir nýju íbúðahverfi í Brekkunni í Ólafsvík.

Fossahlíð í Ólafsvík.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 7. apríl 2005 deiliskipulag fyrir Fossahlíð í Ólafsvík, Snæfellsbæ. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir tveimur parhúsum við Engihlíð í Ólafsvík.

Deiliskipulagsauglýsing þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Snæfellsbæ, 17. ágúst 2005.

Smári Björnsson byggingarfulltrúi.

GJALDSKRÁ

fyrir Borgarfjarðarhöfn.

1. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Borgarfjarðarhöfn, sem er í eigu Borgarfjarðarhrepps, er sett skv. heimild í 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003, sbr. bráðabirgðaákvæði nr. I.

Gjaldskráin er við það miðuð að höfnin geti haft tekjur til þess að standa undir rekstri hafnarinnar, sbr. 5. tölulið 3. gr. hafnalaga.

2. gr.

Við ákvörðun gjalda, sem taka mið af stærð skipa, skal miðað við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælingarbréfi, sem gefið er út í samræmi við alþjóðasamþykktina um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða tilheyrandi gjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

Lestagjöld: Af öllum skipum skal greiða lestagjald, kr. 7,40 á mælieiningu skv. 2. gr. en þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.

Bryggjugjöld: Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða kr. 1,80 á mælieiningu skv. 2. gr. fyrir hverja 12 tíma sem skip liggur bundið, hámark 26 sinnum í mánuði.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af bátum minni en 20 BT sem mánaðargjald kr. 3.459. Opnir kvótalausir bátar greiði þó aðeins hálf gjald kr. 1.730 á mánuði.

Önnur gjöld: Landstöðugjald fyrir báta við bátahöfn er kr. 1.384 á mánuði.

Fyrir landtengingu rafmagns greiðist skv. afdráttarmæli sem bátseigandi setur upp á sinn kostnað.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til Borgarfjarðarhafnar vegna skipsins.

Vörugjöld: Vörugjald, kr. 138,80 fyrir hvert tonn, skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöllum á land eða úr landi á skipsfjöllum innan takmarka hafnarinnar.

Vörugjald greiðir móttakandi af vörum sem koma til hafnarinnar og sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfninni.

Aflaggjöld: Af öllum sjávarafla sem lagður er á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings skal greiða 1,6% af heildarverðmæti aflans.

Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu. Aflaggjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess.

Vigtargjöld: Kr. 700 fyrir hverja vigtun (löndun) á tímabilinu 8 – 19 mánudaga til föstudaga, kr. 2.100 fyrir vigtun á öðrum tíma.

Kaupandi afls stendur skil á vigtargjöldum.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra gjalda skv. gjaldskrá þessari og skal greiða gjöldin á skrifstofu Borgarfjarðarhrepps eða inn á bankareikning hreppsins.

5. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Borgarfjarðarhöfn er samþykkt af hafnarstjórn þann 15. ágúst 2005 skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004. Gjaldskráin öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Borgarfirði, 16. ágúst 2005.

Magnús Þorsteinsson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengninni tillögu borgarráðs hefur lögreglustjórinn í Reykjavík fallist á að bílastæði við götukanta Ránargötu, Bárugötu og Öldugötu milli Ægisgötu og Garðastrætis verði gjaldskyld.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 19. ágúst 2005.

Ingimundur Einarsson varalögreglustjóri.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Súðavík.

1. gr.

Stærð og takmörk hafnarinnar.

Takmörk á sjó eru:

Takmörk hafnarinnar er bein lína, sem hugsast dregin úr Þormóðarnesi yfir Álftafjörð í Rauðanef á Kamsnesi, bein lína úr Þórðarsteinum yfir Álftafjörð í Hamar á Sjötúnahlíð og ströndin innan þeirrar línu.

Takmörk á landi eru:

Svæði hafnarinnar sem nær frá Njarðarbraut, að utanverðu og inn með frystihúsinu og upp að Aðalgötu innan frystihússins. Einnig tilheyrir hafnaraðstöðunni, tvær trébryggjur og aðstaða þeirra sem nær frá Aðalgötu við Tröð fram rampinn og út á suðurgarðinn.

Landsvæði hafnarinnar skiptast í:

Norðurgarð þar sem hafnaraðstaða er fyrir stærri skip, miðgarð sem er trébryggja neðan frystihúss og suðurgarð þar sem tvær trébryggjur eru, ásamt afgreiðslusvæðum, götum og iðnaðarsvæði.

2. gr.

Stjórn hafnarinnar.

Súðavíkurhreppur er eigandi hafnarinnar. Sveitarstjórn fer með yfirstjórn hafnamála, en framkvæmdastjórn skal falin hafnarstjórn og hafnarstjóra.

Hafnarstjórn er kjörin af sveitarstjórn skv. þeim reglum er gilda um kjör fastra nefnda sveitarstjórnar. Hafnarstjórn skipa þrír fulltrúar og þrír til vara og er kjörtímabil þeirra hið sama og sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps kýs formann úr hópi kjörinna hafnarstjórnarmanna. Hafnarstjórn skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Auk hinna kjörnu fulltrúa skal hafnarstjóri sitja fundi hafnarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt.

3. gr.

Starfs- og valdsvið hafnarstjórnar.

Hafnarstjórn hefur umsjón með fjármálum, rekstri, viðhaldi og nýbyggingum hafnarinnar. Leita skal staðfestingar sveitarstjórnar á fjárhagsáætlun hafnarsjóðs svo og lántökum hafnarsjóðs lengur en yfirstandandi fjárhagsár.

Hafnarstjórn hefur ákvörðunarvald um rekstur hafnarinnar, svo sem ráðstöfun á aðstöðu, þ.m.t. leiga á húsnæði í eigu hafnarinnar og landi hennar.

Hafnarstjórn veitir leyfi til starfsemi á hafnarsvæðinu og hefur vald til að banna eða takmarka afnot hafnarsvæðis fyrir starfsemi sem hún telur torvelda eðlilegri hafnarstarfsemi.

Hafnarstjórn gerir tillögur til sveitarstjórnar varðandi skipulagsmál á hafnarsvæðinu, enda hafi tillögurnar fengið umfjöllun skipulagsnefndar. Byggingamál á hafnarsvæðinu skulu hljóta umfjöllun hafnarstjórnar áður en þau eru lögð fyrir sveitarstjórn.

4. gr.

Starfs- og valdsvið hafnarstjóra.

Sveitarstjóri er jafnframt hafnarstjóri Súðavíkurhafnar. Hafnarstjóri undirbýr mál sem leggja á fyrir hafnarstjórn, veitir viðtöku erindum til hennar og sér um framkvæmd samþykktar hafnarstjórnar. Hann veitir hafnarstjórn og sveitarstjórn upplýsingar um málefni hafnarinnar. Hann sér um að fjárhagsáætlun sé fylgt og ber ábyrgð á fjárreiðum hafnarsjóðs. Hann er yfirmaður allra starfsmanna hafnarinnar og sér um ráðningu þeirra og uppsögn.

Hafnarstjóri skal vinna störf sín í samræmi við ákvæði hafnalaga og hafnareglugerða, auk reglugerðar þessarar og fara að öðru leyti eftir samþykktum hafnarstjórnar og sveitarstjórnar.

Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu á öllu hafnarsvæðinu hvort sem er á sjó eða landi. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans, eða þeirra sem hann felur störf við eftirlit og aðgæslu.

5. gr.

Um aðra starfsmenn hafnarinnar.

Hafnarstarfsmenn sem hafa umsjón með eignum hafnarinnar, gæta reglu og sinna skipaþjónustu, skulu bera skilríki um starf sitt og/eða einkennisbúning samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi en skipunum starfsmanna ber að hlýða þegar í stað. Telji einhver sig órétti beittan af hálfu starfsmanna hafnarinnar getur hann kært það til hafnarstjóra.

6. gr.

Löggæsla á hafnarsvæði.

Lögreglan í umdæmi sýslumannsins á Ísafirði hefur á hendi almenna löggæslu á hafnarsvæðinu.

Þeim sem ekkert lögmætt erindi eiga á hafnarsvæðinu er bannað að dvelja þar ef þeir með því tálma lestun, losun eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja og ónauðsynlega umferð gangandi fólks um bryggju, hafnarbakka, farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði á hafnarsvæðinu. Fólk sem fer um hafnarsvæðið er þar ávallt á eigin áhættu og ábyrgð.

Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni. Sömu leiðis er bannað að skjóta flugeldum á hafnarsvæðinu án leyfis.

Sand- og malarnám og önnur slík starfsemi er bönnuð á hafnarsvæðinu án leyfis hafnarstjóra. Fiskveiðar á hafnarsvæðinu mega ekki trufla eðlilega umferð og afgreiðslu. Bannað er að leggja veiðarfæri á merktar siglingaleiðir og er heimilt að fjarlægja slík veiðarfæri bóta-laust.

Hafnarstjóra skal þegar í stað tilkynnt um það sem bjargað er í höfninni en hann gefur lögreglunni skýrslu, telji hann þess þörf.

7. gr.

Bryggjur, skipsflök og hlutir í hirðuleysi.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur þar sem það, að áliti hafnarstjóra, tálmar greiðri notkun hafnarinnar skal það fært burtu svo fljótt sem auðið er af eiganda, umráðamanni eða öðrum sem málið varðar. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á ábyrgð eiganda og/eða umráðamanns og skal það flutt á öruggan stað, að vali og eftir mati hafnarstjóra.

Hafnarstjóra er heimilt að láta selja viðkomandi skip, til lúkningar á kostnaði, á hvern þann hátt sem hagkvæmastur þykir, að undangenginni áskorun til eigenda og/eða umráðamanns um að fjarlægja skipið tafarlaust. Sala fari fram á kostnað og ábyrgð eiganda og/eða umráðamanns skips.

Skipsflök má ekki draga á land á hafnarsvæðinu án leyfis hafnarstjóra.

Ef skip eða bátar við bryggju, flutningstæki á landi eða annar búnaður, í eigu annarra en hafnarinnar, er í hirðuleysi á hafnarsvæðinu og/eða veldur óþrífnaði eða hættu, þá skal hafnarstjóri fyrirskipa eiganda og/eða umráðamanni að gera nauðsynlegar úrbætur innan ákveðins frests. Sé slíkum fyrirmælum ekki sinnt, má fjarlægja viðkomandi hlut á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns og koma fyrir í geymslu á öruggum stað, eftir vali og mati hafnarstjóra.

Hafnarstjóra er heimilt að láta selja viðkomandi skip, til lúkningar á kostnaði, á hvern þann hátt sem hagkvæmastur þykir, að undangenginni áskorun til eigenda og/eða umráðamanns um að fjarlægja skipið tafarlaust. Sala fari fram á kostnað og ábyrgð eiganda og/eða umráðamanns.

8. gr.

Varnir gegn mengun og óþrífnaði.

Engum úrgangi eða rusli má kasta í höfnina eða ytri höfn hennar.

Bannaður er hvers konar hvalskurður í eða við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt, inn í höfnina, hvali, skipsflök eða neitt það sem valdið getur óþrífnaði, umferðartruflun eða óþægindum í höfninni nema leyfi hafnarstjóra komi til.

Öllum skipum, farartækjum svo og verksmiðjum og öðrum atvinnurekstri er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina olíu, lýsi, olíusora eða annað sem valdið getur mengun.

Skip sem hyggjast taka fljótandi eldsneyti skulu áður hafa gert ráðstafanir til að eldsneyti renni ekki í sjóinn af þilfari ef óhapp verður við eldsneytistöku. Afgreiðsluaðila er óheimilt að afgreiða olíu til skipa sem ekki hafa, að mati hafnarstarfsmanna, gert forsvaranlegar ráðstafanir til varnar mengun.

Um varnir gegn mengun sjávar og viðurlög við mengunarbrotum fer samkvæmt gildandi lögum á hverju tíma.

9. gr.

Beiðni um og skilyrði fyrir þjónustu.

Allir þeir sem óska eftir afgreiðslu fyrir skip, láni á tækjum eða þjónustu á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til starfsmanna hafnarinnar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða þjónustu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar og hafa ekki sinnt ítrekuðum áskorunum hafnarinnar um greiðslu gjaldfallinna gjalda. Í slíkri áskorun skal geta um þær afleiðingar af vanskilum sem koma fram í 1. málslíð greinarinnar.

10. gr.

Hverjum gefa skal fyrirmæli.

Fyrirmæli samkvæmt reglugerð þessari skulu gefin skipstjóra en stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi. Ef stýrimaður er einnig fjarverandi má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipanir og er það jafngilt sem skipstjóri hefði sjálfur tekið við skipunum.

11. gr.

Um skaðabótaskyldu.

Um skaðabótaskyldu þeirra sem leið eiga um höfn og hafnarsvæði, vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum fer eftir almennum skaðabótareglum.

Ef ekki næst samkomulag um fjárhæð skaðabóta skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra matsmanna, dómkvaddra af héraðsdómi Vestfjarða. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að óska dómkvaðningar samkvæmt þessari grein. Kostnaður af mati greiðist að jöfnu.

Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, innan mánaðar frá því matsgerð samkvæmt 2. mgr. liggur fyrir og hefur verið kynnt aðilum. Til yfirmats skal dómkveðja þrjá matsmenn. Kostnaður við yfirmat greiðist af þeim sem þess krafðist, nema það sé honum í vil, þá skal kostnaður greiðast að jöfnu.

Niðurstaða dómkvaddra matsmanna, hvort sem er samkvæmt 2. eða 3. mgr. skal vera endanleg niðurstaða um bótafjárhæð.

12. gr.

Kæruheimild.

Notendum Súðavíkurhafnar er heimilt að skjóta ákvörðunum hafnarstjórnar samkvæmt reglugerð þessari, öðrum en gjaldskrárákvörðunum, til Siglingastofnunar Íslands. Ákvörðunum Siglingastofnunar má skjóta til samgönguráðherra. Um málsmeðferð fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

13. gr.

Brot.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Um mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

14. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 4. gr. hafnalaga nr. 61/2003, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Súðavík nr. 15/1973, með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytinu, 18. ágúst 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

